

# Fréttabréf Sjálfstæðisflokksins

19. janúar 2024

D



## Ríkisstjórnin mun standa með Grindvíkingum

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir varaformaður Sjálfstæðisflokksins og fjármála- og efnahagsráðherra sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 miðvikudaginn 17. janúar að staðan í Grindavík kalli á stórar ákvarðanir og að sameiginlegir sjóðir séu byggðir upp til þess að geta brugðist við áföllum.

Sjá nánar í frétt hér fyrir neðan.

[Sjá nánar hér](#)



## Ríkið kaupir upp eignir í Grindavík

Óli Björn Kárason þingmaður Sjálfstæðisflokksins telur rétt að ríkið bjóðist til að kaupa allt íbúðarhúsnæði í Grindavík sem Náttúruhamfaratrygging Íslands bætir ekki.

Vilhjálmur Árnason ritari Sjálfstæðisflokksins og alþingismaður lýsti yfir sömu sjónarmiðum í samtali við Morgunblaðið 15. janúar. Þetta sé stóra málið sem Grindvíkingar kalli eftir og að það muni leysa flest vandamál ríkisstjórnarinnar.

Sjá nánar í frétt hér fyrir neðan.

[Sjá nánar hér](#)



## Flestar umsóknir um alþjóðlega vernd á Íslandi í samanburði við Norðurlönd

Umsóknir um alþjóðlega vernd á Íslandi frá árinu 2017 hafa hlutfallslega verið flestar á Íslandi í samanburði við aðrar Norðurlandaþjóðir, ólíkt því sem haldið er fram í opinberri umræðu. Sé horft til höfðatölu er ljóst að umsóknir um alþjóðlega vernd á Íslandi eru margfalt fleiri en á öðrum Norðurlöndum.

Í fréttinni eru bornar saman umsóknir um alþjóðlega vernd til og veitingu hennar á Norðurlöndunum. Ef horft er á höfðatölu er ljóst að Ísland fékk margfalt fleiri umsóknir um alþjóðlega vernd en hin Norðurlöndin.

Sjá nánar í frétt hér fyrir neðan.

[Sjá nánar hér](#)

# ÁSKORANIR Í ORKUSKIPTUM



MÁLFUNDAFÉLAGIÐ  
ÓÐINN

## Staðan í orkumálum – upptaka af opnum fundi

Málfundafélagið Óðinn stóð fyrir opnum fundi um orkumál í Valhöll á 17. janúar undir yfirskriftinni *Áskoranir í orkuskiptum*. Á fundinum héldu framsögur þeir Sigurður Hannesson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins og Andri Snær Magnason rithöfundur. Fundarstjóri var Guðný Halldórsdóttir stjórnarmaður í Óðni.

Voru orkumálin rædd frá ýmsum sjónarhornum, hvaða áskoranir við stæðum frammi fyrir í orkumálum almennt, hvort við værum klár í orkuskiptin og ef ekki hvað þurfi til ásamt ýmsu fleiru.

Upptöku af fundinum má nálgast hér fyrir neðan.

[Horfðu á fundinn hér](#)

## Styrktu flokkinn!

Stjórn málflokkar verða ekki reknir á hugsjóninni einni. Stjórn málabaráttan kostar beinharða peninga en stjórn málasamtök hafa afar takmörkuð tækifæri til

tekjuöflunar. Sjálfstæðisflokkurinn nýtur þess, umfram aðra íslenska stjórnmálaflokka, að vera breiður og fjölmennur flokkur þar sem tugþúsundir einstaklinga um allt land leggja sitt af mörkum. Hjá sjálfstæðisflokknum munar mestu um framlög flokksmanna sjálfra.

Gerast styrktarmaður!

Styrktu flokkinn!



### Sjálfstæðisflokkurinn

Háaleitisbraut 1  
105 Reykjavík  
Íceland

#### Eyrirvari

Tölvupóstur þessi er sendur skráðum félagsmönnum í samræmi við ákvæði laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmálasamtaka. Vinsamlegast athugið að tölvupóstur þessi og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Pósturinn er sendur út af póstlista Sjálfstæðisflokksins.

[Viltu ekki fá póst eins og þennan? Þú getur afskráð þig með því að fara á \[xd.is\]\(#\) - mínar síður.](#)

